

Mál nr. 51/2013**X
og
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar sjómanna.****Ágreiningur um hvort bótaréttur sé fallinn niður vegna fyrningar.****Gögn.**

7. Málskot, móttakið 4.2.2013, ásamt fylgigögnum.
8. Bréf X, dags. 18.2.2013.

Málsatvik.

Hinn 21.7.2005 varð M fyrir meiðslum um borð í bátnum A er hann var að leggja línu. Kom þá hnútur á bátinn en við það datt M aftur fyrir sig á rekkverk bátsins og fékk slink á hálsinn. M leitaði til læknis 25.7. og 5.8.2005 og við sneiðmyndarannsókn á mjóbaki kom í ljós „stórt brjós-klos“ á mótum IV. og V. lendhryggjarliðbols. Í kjölfarið var M til frekari rannsóknar og læknismeðferðar hjá bæklunarskurðlækni og heila- og taugaskurðlæknum.

Af gögnum málsins þykir mega ráða að áhöfn A hafi verið tryggð slysatryggingu hjá X skv. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Með tilkynningu um vinnuslys, dags. 29.7.2010, var X tilkynnt um tjónið. Með tölvuskeyti hinn 22.6.2011 til lögmanns M tilkynnti X að það hafi haft til meðferðar mál M vegna ofangreinds slyss. Þá segir svo í skeytinu: „Afstaða félagsins til þessa máls er að um bótaskyld tilvik sé að ræða. Þegar tímabært verður að meta umbj. þinn vænti ég þess að samband verði haft við mig eða einhvern annan hjá félaginu vegna samkomulags milli aðila við ákvörðun matsmanns.“ Að beiðni lögmanns var aflað matsgerðar eins læknis á afleiðingum slyssins fyrir M. Er matsgerðin dagsett 25.11.2011. Samkvæmt henni var varanlegur miski M metinn 5 stig og í matsgerðinni kemur og fram að tímabært hafi verið að leggja mat á afleiðingar slyssins 21.7.2006. Hinn 17.10.2012 mun matsgerðin hafa verið send X og óskað uppgjors úr fyrrgreindri slysatryggingu. Með bréfi X, dags. 19.10.2012, er bótakröfu hafnað þar sem hún væri fyrnd.

Álit.

Slysið varð 21.7.2005. Verður að telja að um fyrningu kröfunnar gildi ákvæði 29. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga er þá voru í gildi. Samkvæmt því ákvæði fyrnast kröfur, sem rísa af váttryggingarsamningi, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur um greiðslu bóta eða váttryggingarfjárhæðarinnar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá því að váttryggingaratburðurinn gerðist. Í ljósi þeirra áverka sem M hlaut og þeirrar niðurstöðu matsgerðar að tímabært hafi verið að leggja mat á afleiðingar slyssins ári síðar eða 21.7.2006 verður að telja að M hafi þá átt þess kost að afla nauðsynlegra gagna til að leita fullnustu kröfu sinnar. Því hafi hinn lögmaelti fjögurra ára fyrningarfræstur byrjað að líða í lok árs 2006. Með yfirlýsingu þeirri sem X gaf í tölvuskeyti sínu 22.6.2011 verður að líta svo á að X hafi fortakslaust viðurkennt að slysið væri bótaskyld úr slysatryggingunni og þar með viðurkennt skuld sína þannig að nýr fyrningarfræstur hafi byrjað að líða frá því tímamarki, sbr. 6. gr. þágildandi laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Krafa M telst því ekki fallin niður vegna fyrningar og á hann því rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá X.

Reykjavík, 19. mars 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hrl.